

Ár 2021, fimmtudaginn 18. mars er í áfrýjunardómstóli HSÍ í málinu nr. 1/2021:

Stjarnan Handknattleiksdeild

gegn

Handknattleikssambandi Íslands

og

Kvennaráði KA/Þórs

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r :

Málið dæma Gunnar Jónsson, Jóhannes Albert Sævarsson og Benedikt Bogason.

Með tilkynningu til skrifstofu HSÍ 4. febrúar sl. áfrýjaði handknattleiksdeild Stjörnunnar dómi dómstóls HSÍ, uppkveðnum 1. mars 2021. Fyrir þeim dómi hafði áfrýjandi gert þessar kröfur: „... að úrslit leiksins [Stjarnan gegn KA/Þór frá 13. febrúar 2021] verði leiðrétt og að þau verði 26-26. Til vara gerði kærandi þær kröfur að leikurinn yrði endurtekinn.

Varnaraðili, Kvennaráð KA/Þórs, gerði þær kröfur að kröfum kæranda yrði hafnað og að úrslit leiks Stjörnunnar og KA/Þórs þann 13. febrúar 2021, samkvæmt leikskýrslu, 26 gegn 27 KA/Þór í hag, yrðu staðfest. Þá gerði KA/Þór kröfu um málskostnað að skaðlausu úr hendi kæranda.

Handknattleikssamband Íslands (HSÍ) gerði ekki sérstakar kröfur í málinu um annað en kostnað sem af kynni að hljótast.

Dómstóll HSÍ hafnaði kröfu áfrýjanda og er úrskurðarorðið á þessa leið: *Hafnað er kröfum Stjörnunnar þess efnis að úrslitum leiks Stjörnunnar og KA/Þór í Olís deild kvenna frá 13. febrúar 2021 verði breytt. Jafnframt var því hafnað að leikurinn verði endurtekinn. Með vísan til forsendna málsins telur dómstólinn rétt að málskostnaður falli niður.*

Málsaðilum var veittur sameiginlegur þriggja daga greinargerðarfrestur fyrir áfrýjunardómstóli HSÍ. Hann rann út kl. 16 í gær.

Áfrýjandi skilaði áfrýjunargreinargerð innan frests sem veittur var. Áfrýjandi krefst þess að áfrýjunardómstóll HSÍ endurskoði fyrilliggjandi dóm dómstóls HSÍ í máli nr. 1/2021 og er þess krafist að áður framkomnar kröfur Stjörnunnar verði teknað til greina.

Stefndi, Handknattleikssamband Íslands, tilkynnti að ekki yrði skilað greinargerð af þess hálfu. Stefndi, Kvennaráð KA/Þórs, hefur ekki látið málið sérstaklega til sín taka. Er því litið svo að stefndi krefjist staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Niðurstaða:

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Ekki er ágreiningur um staðreyndir málsins. Í viðureign Stjörnunnar og KA/Pórs, sem fram fór í Olís deild kvenna þann 13. febrúar 2021, var mark sem Stjarnan skoraði í stöðunni 11-17 í fyrstu fært ranglega á KA/Pór (11-18). Það var síðan leiðrétt með því að færa markið á Stjörnuna (12-18), án þess að draga það af KA/Pór (12-17). Þegar leik lauk hafi hið ranglega færða mark ennþá staðið óhreyft á markatöflunni. Úrslit leiksins urðu eins marks sigur KA/Pórs, 26-27. Þessu vill Stjarnan ekki una og hefur áfrýjað dómi dómstóls HSÍ í máli 1/2021, þar sem úrslit leiksins voru staðfest.

Sú ákvörðun dómara að dæma mark löglegt í leik er dómgæsla sem byggist á mati dómara á atvikum leiksins. Sú athöfn að færa löglegt mark til bókar á tímavarðarborði og skrá á markatöflu fellur hinsvegar undir framkvæmd leiksins, sbr. 13. gr. reglugerðar HSÍ um handknattleiksmót. Heimaliðið er framkvæmdaraðili leiks og sér m.a. um skráningu marka og úrslita, sbr. 10. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Sú atburðarás sem fór af stað þegar löglega dæmt mark var ranglega skráð á tímavörluborði í leiknum fólu í mistök við framkvæmd leiksins og hafði ekkert með dómgæslu hans að gera. Það er á valdi dómstóla HSÍ að leiðréttu slík augljós og óumdeild mistök við framkvæmd leiks sem geta leitt til rangra úrslita.

Ekki er hægt að leiða í ljós eftir á hvaða áhrif mistökin höfðu á úrslit leiksins. Hann kynni að hafa spilast með öðrum hætti ef rétt hefði verið staðið að skráningu marks Stjörnunnar á markatöfluna og leikmenn og þjálfarar beggja liða mátt treysta því að hún sýndi rétta stöðu leiksins á hverjum tíma. Af þessum sökum er ekki unnt að taka aðalkröfu áfrýjanda til greina um að leiðréttu úrslit leiksins með því að draga ranglega fært mark af stefnda, þannig að úrslit verði jafntefli. Úrslit eiga að fást á vellinum, ekki fyrir dómstóli þegar svona háttar til. Það er því niðurstaða áfrýjunardómstóls HSÍ að ekki sé annað tækt en að ómerkja úrslit leiks Stjörnunnar og KA/Pórs sem fram fór 13. febrúar 2021 og endurtaka leikinn.

Staðfest er sú niðurstaða dómstóls HSÍ að málkostnaður falli niður á milli aðila. Ekki hefur verið krafist málkostnaðar fyrir áfrýjunardómstóli HSÍ.

D ó m s o r ð:

Ómerkt eru úrslit leiks Stjörnunnar og KA/Pórs í Olís deild kvenna sem fram fór 13. febrúar 2021. Leikurinn skal endurtekinn.

The image shows three handwritten signatures in blue ink. The top signature is 'Gunnar Jónsson' with the name written twice. The middle signature is 'Jóhannes Albert Sævarsson'. The bottom signature is 'Benedikt Bogason'.